



ORKUSTOFNUN

Rannsókn við Skíðastaðalaug í Skefilsstaðahreppi

Kristján Sæmundsson

Greinargerð KS-91-19

Rannsókn við Skíðastaðalaug í Skefilsstaðahreppi

Þann 17. ágúst s.l. voru aðstæður skoðaðar við Skíðastaðalaug með tilliti til borunar eftir heitu vatni. Volga vatnið kemur fram í suðurbakka Laxár á 38 m löngum kafla á mótum blágrýtis og malarhjalla. Malarhjallinn upp frá ánni er um 25 m hárr og eru skilin nokkurn veginn í miðri hæð. Dálítill slakki er í blágrýtisundirlagid við volgrurnar og eru þær heitustu, $33-34^{\circ}\text{C}$, nokkurn veginn á miðri laugalínunni. Þar niður undan er klöppin nokkuð sprungin á 8 m breiðum kafla og er að sjá sem volgt vatn seytli úr sprungunum á einstöku stað. Sprungur þessar stefna nálægt NNV-SSA ($N\ 20-25^{\circ}\text{ V}$).

Enginn jarðhitavottur fannst vestan árinnar. Berg er þarna kolummyndað af fornum háhita og ber mikið á klóríti og laumontíti, einnig kvarsi og kalsíti. Berg eins og þetta er venjulega þétt, og vatnsleiðni ekki að vænta nema um sprungur.

Allþykkur berggangur með NA-SV stefnu liggar meðfram ánni neðan við laugarnar. Honum hallar bratt til NV. Ekki er að sjá að hann hafi bein áhrif á uppstreymi volga vatnsins sem kemur svo til allt upp suðaustan við ganginn. Efnagreining hefur verið gerð á laugavatninu. Uppleyst kísilsýra bendir til að þarna undir sé um 70°C heitt vatnskerfi. Lítið sem ekkert magnesíum er í vatninu og bendir það til að blöndun við kalt grunnvatn sé sáralítil.

Til suðurs frá lauginni er flatur melur upp að fjallsrótum. Frá hjallabrun að fjallsrótum eru einungis um 100 m. Líklegt er að volga vatnið sé aðrunnið undan melnum, og aðalupptökini úr blágrýtinu séu skammt sunnan við laugina. Til þess bendir lítil blöndun laugavatnsins við kalt grunnvatn og eins hitt, hversu laugarnar ná yfir stutt bil (38 m). Engu að síður gæti vatnskerfið verið vatnsmest og heitast enn sunnar, undir fjallinu. Skíðastaðalaug væri með öðrum orðum endastöð á afrennsli þaðan.

Sprungustefnan frá heitustu laugunum var merkt með þremur vörðum, þeirri syðstu um 20 m frá hjallabruninni (sjá mynd). Halli sprungnanna var ekki ákvæðaður svo vel að trúverðugt þætti. Varðandi það atriði verður því að vísa til reynslu af borunum annars staðar í héraðinu (Sauðárkrókur, Varmaland, Varmahlíð, Vindheimar). Þar virðist halli jarðhitasprungna vera austlægur.

Með hliðsjón af ofangreindum atriðum er lagt til að könnunarholu verði boruð uppi á hjallanum austantil í sprungusvæðinu. Á meðfylgjandi uppdrætti er borstaðurinn merktur 5 m frá syðstu vörðunni til NA þvert á vörðuröðina. Með borholunni er ætlunin að bora niður í gegnum sprungubeltið í von um að hitta á vatnsæðar og til að sjá hvort einhver veruleg hitaaukning finnist, sem hvatt gæti til áframhaldandi tilrauna. Lagt er til að fyrsta holan verði boruð í 80-100 m dýpi. Hana þarf að fóðra í klöpp niður í ca. 10-15 m.

Um framhaldið fer eftir útkomunni úr fyrstu holunni. Borstaðurinn er það hátt í landinu að hætt er við að sjálfrennsli verði lítið eða ekkert, þótt holan kæmi í vatn. Ef sæmilega heitar æðar finnast kæmi til álita að bora ca. 45° hallandi holu frá ánni til SA og skera með henni sprungukafann á æskilegu dýpi. Ef af slíkri borun verður þyrfti að þraeða hana með plaströri til að hægt verði að renna í hana hitamæli.

Kristján Sæmundsson

Kristján Sæmundsson

Skidvärldsalan i däcksdal

Tillaga ur rannsharshor

K. Sven / Sept 1991

Lava

20
m
10
-
0

45° hall;
80
-
100 m

100 m
höjd
höjd
80-100 m

grönning

lava
lava
lava
lava
lava

A

+ hole 1